

## Fundur í mats og hæfnisnefnd

**Dagsetning:** 25. apríl 2022

**Fundartími:** 13:30 – 14.30

**Staðsetning:** Furugerði 4, Skaftahlíð

**Númer fundar:** 3

**Viðstaddir:** Reynir Tómas Geirsson, Magnús Karl Kristjánsson og Kristín Huld Haraldsdóttir

**Fundaritari:** Selma Guðnadóttir

1. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt.
2. **Viðbótarsérnámsgreinar, breytingar á reglugerðinni og staðan varðandi viðbótarsérnámi.**

Rætt um HNE-deild og augnlækningadeild á LSH. RTG hafði hringt í Arnar Guðjónsson á HNE sem segir að þeir taki deildarlækna í 6 – 12 mánaða kynningu og senda þá síðan út. Ekki áhugi þar á formlegu sérnámi. Sennilega svipað á augndeildinni en þarf að ræða við Gunnar Zoega. Tölverður fjöldi af deildum sem þarf að heimsækja aftur, s.s. barnadeild sem verður í júní (RTG og MKM): Bráðalækningar eru að fá uppfærða nýja marklýsingu óskað er eftir fresti til síðla vetrar 2023, sem er samþykkt. BUGL er einnig komin á tíma (RTG og MKM). Meinafræðin verður endurmetin 3.6. (RTG og KHH). Geðdeildin verður heimsótt í haust (RTG og MKM). Lyflækningar eiga að vera á dagskrá í vor en von er á matsheimsókn frá Bretlandi í ágúst og gert samhliða. Svæfingar- og gjörgæsla er vorið 2023. Bæklunarskurðlækningar og fæðinga- og kvensjúkdómalækningar eru einnig á dagskrá í haust úr þessu. Farið verður á taugalækningadeild á næstunni (RTG og KHH).

Varðandi heimilislækningar þarf að ræða við Elínborgu Bárðardóttur. Teknar hafa verið út stöðvar og spurning um fjölda nema á hverjum stað. Heimilislæknaprógrammið á að halda utan um eigið matsferli. Funda þarf með ÞÍH og hafa þar fulltrúa sjálfstætt starfandi stöðva og stöðva innan HH. Fara þarf í gegnum hvaða stöðvar þyrfti að skoða á landsbyggðinni og í Reykjavík. RTG hefur rætt við Valgerði Rúnarsdóttir yfirlækni á Vogu viðbótar- eða undirsérgreinanám í fíknilækningum. RTG hefur líka rætt við Örnun Einarsdóttur og Valgerði Sigurðardóttur um samskonar ferli varðandi líknarlækningar, þar sem ekki er viðurkennt sérnámi og þyrfti þá úttekt á líknardeild LSH til að viðurkenna það nám. Þar virðast kúrsar á Norðurlöndum hafa verið látnir gilda til sérfræðináms, en á líknardeildinni er engin sérstök kennsla. Flestir taka krabbameinslækningar á undan líknarlækningum. Verkjateymi er rekið enn á LSH, og þarf að skoða það með sama hætti.

3. **Önnur mál.**

Þörf er á að nefndin heimsæki EL, deildarráð og stjórn LÍ til að gera grein fyrir stöðu mála; - spurning um að fresta því fram á haustið. Fundi lokið 14.10.

Næsti fundur 16.05. kl. 15.00 og hugsanlega með varamönnum.